

SKÓF Í HÁRSVERÐI

Skóf í hársverði ungbarna (infantile seborrheic dermatitis/cradle cap) er algeng á fyrstu mánuðunum ævinnar. Þetta er ekki alvarlegur kvilli og er venjulega tímabundinn. Yfirleitt lagast skófin af sjálfu sér fyrir 6-12 mánaða aldur. Orsök er ekki þekkt en talið er að hún myndist vegna fituframléiðslu frá kirtlum í húð og síðan festast dauðar húðfrumur þar í. Hróður getur einnig myndast bak við eyru og við augabrúnir. Einstaka sinnum getur sveppasýking og/ eða exem komið í þessa skóf.

Meðhöndlun

1. Þvo - nudda - greiða

Bleytið hárið og nuddið með þvottapoka og greiðið með fínni greiðu eða lúsakambi. Ef þetta dugar ekki til að fjarlægja skófina gæti þurft að bera feitt krem í hársvörðinn.

2. Feitt krem

Berið feitt krem í hársvörð. Látið liggja í nokkra tíma eða yfir nótt. Gott getur verið að setja þunna bómullarhúfu á höfuð barnsins. Þvoið kremið úr hársverðinum með vatni eða mildu hársjampói án ilmfna. Notið fína greiðu eða lúsakamb til að ná skófinni úr hársverðinum. Þessa meðferð þarf oft að endurtaka, en ef það dugar ekki er hægt að nota Salicylvaselín 2%.

3. Salicylvaselín 2% (fæst í apóteki án lyfseðils)

Berið vaselínið í hársvörð barnsins að kvöldi. Gott getur verið að setja þunna bómullarhúfu á höfuð barnsins. Burstið hársvörðinn eða greiðið frá enninu næsta dag og þvoið síðan með vatni eða mildu hársjampói án ilmfna til að ná fitunni úr hársverðinum. Einnig er hægt að nota vatn með matarsóða í til að ná fitunni úr hári barnsins (setjið eina teskeið af matarsóða í einn lítra af vatni). Endurtakið meðferðina eftir þörfum, en athugið að undir skófinni getur húðin verið rauð og aum og er því rétt að láta dag líða á milli meðferða.

4. ACP smyrsl í hársvörð (fæst í apóteki án lyfseðils)

ACP smyrsl er notað ef skófin er mjög þykk og ef önnur meðferð hefur ekki dugað. Smyrslinu er nuddað í hársvörðinn og látið vera í u.þ.b. 6-8 klst. áður en það er þvegið úr.

